



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Tillaga að breytingu á 23. og 25. gr. reglna um fjárhagsaðstoð (hækkun á hámarki styrks/láns til tryggingar húsaleigu), dags. 4. september 2017.

Á fundi velferðarráðs þann 14. september 2017 var lögð fram tillaga að breytingu á 23. og 25. gr. reglna um fjárhagsaðstoð (hækkun á hámarki styrks/láns til tryggingar húsaleigu), dags. 4. september 2017.

Lagt er til að eftirtaldar breytingar verði gerðar á 23. gr. sem og 25. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, þannig að fjárhæð til tryggingar húsaleigu verði að jafnaði veitt í formi láns og hækki úr 300.000 kr. í 600.000 kr. Áætlaður árlegur kostnaður breytinga er metinn á bilinu 33,6 til 47 mkr.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram eftirfarandi breytingartillögu:

Lagt er til að málsgreinin í 23. gr. sem hljóðar svo: „Aðstoð á grundvelli þessarar greinar er að hámarki veitt einu sinni á ári“ verði breytt á eftirfarandi hátt: „Aðstoð á grundvelli þessarar greinar er að hámarki veitt einu sinni“.

Breytingartillagan felld með fjórum atkvæðum gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Aðaltillagan samþykkt með fjórum atkvæðum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Tillagan er hér með send borgarráði til samþykktar.

Verði tillagan samþykkt, óskar velferðarsvið Reykjavíkurborgar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri



Skrifstofa: Skrifstofa ráðgjafarþjónustu,
lögfræðiskrifstofa og skrifstofa fjármála og
reksturs.

Vinnsla: Helga Jóna Benediksdóttir og Jón
Viðar Pálmason.

Ábyrgðarmenn: Kristjana Gunnarsdóttir og
Helga Jóna Benediksdóttir.

Dags. 4. september 2017

GoPro nr: VEL2017090004

Lagt fyrir fund velferðarráðs þann 14. september 2017

Tillaga að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð

Tillaga:

Lagt er til að eftirtaldar breytingar verði gerðar á 23. gr. sem og 25. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, þannig að fjárhæð til tryggingar húsaleigu verði að jafnaði veitt í formi láns og hækki úr 300.000 kr. í 600.000 kr. Áætlaður árlegur kostnaður breytinga er metinn á bilinu 33,6 til 47 mkr.

Ákvæði 23. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg eru nú svohljóðandi:

23. gr.

Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu og til tryggingar húsaleigu

Heimilt er að veita þeim sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu að hámarki 300.000 kr.

Í þeim tilfellum sem umsækjandi hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, en hefur til langs tíma glímt við vímuefnavanda og/eða geðræna erfiðleika auk þess að hafa jafnframt átt í margháttuðum húsnæðiserfiðleikum og miklum félagslegum erfiðleikum því fylgjandi er heimilt að veita lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu, að hámarki 300.000 kr.

Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði.

Aðstoð á grundvelli þessarar greinar að er hámarki veitt einu sinni á ári.

Ákvæði 1. mgr. og 2 mgr. gilda einnig um þá sem njóta sérstakra húsaleigubóta.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi

Lagt er til að 23. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

23. gr.

Styrkur eða Lán og/eða styrkur til fyrirframgreiðslu húsaleigu og til tryggingar húsaleigu

Heimilt er að veita þeim sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán og/eða styrk til fyrirframgreiðslu tryggingar húsaleigu að hámarki 600.000 kr., enda eigi viðkomandi ekki kost á láni frá bönkum eða lánastofnunum.

Í þeim tilfellum sem umsækjandi hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, en hefur til langs tíma glímt við vímuefnavanda og/eða geðræna erfiðleika auk þess að hafa jafnframt átt í margháttuðum húsnæðiserfiðleikum og miklum félagslegum erfiðleikum því fylgjandi er heimilt að veita lán og/eða styrk til fyrirframgreiðslu tryggingar húsaleigu, að hámarki 600.000 kr.¹⁾

Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði.

Aðstoð á grundvelli þessarar greinar að er hámarki veitt einu sinni á ári.

~~*Ákvæði 1. mgr. og 2 mgr. gilda einnig um þá sem njóta sérstakra húsaleigubóta.*~~

~~*Skilyrði 2.-5. mgr. 25. gr. reglna þessara skulu vera uppfyllt sé veitt aðstoð samkvæmt þessu ákvæði.*~~

~~*Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi*~~

~~*Í undantekningartilvikum er heimilt að veita styrk til tryggingar húsaleigu, ef fyrir liggur að viðkomandi geti ekki staðið í skilum með afborganir af lánum.*~~

Ákvæði 25. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg eru nú svohljóðandi:

25. gr.

Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns

Uppfylla þarf öll skilyrði 24. gr. þessara reglna auk eftirfarandi skilyrða:

- *Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að fyrir liggi mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi muni geta staðið í skilum með afborganir af því.*
- *Eigi er heimilt að veita lán ef umsækjandi er með lán frá Reykjavíkurborg fyrir.*
- *Hámark láns sem hægt er að samþykkja á þjónustumiðstöð er kr. 300.000. Hámarkslánstími sem hægt er að samþykkja á þjónustumiðstöð er sex ár. Umsókn um hærra lán og lengri lánstíma skal vísa til velferðarráðs.*
- *Skilyrði er að umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum.*
- *Að öllu jöfn skal ekki veita umsækjanda lán, ef hann hefur fengið afskrifað lán frá Reykjavíkurborg á síðustu 12 mánuðum.*

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

Lagt er til að 25. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

25. gr.

Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns

Þegar fjárhagsaðstoð er veitt í formi láns skal uppfylla öll skilyrði 24. gr. reglna þessara.

Auk þess skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- a. Fyrir liggi mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi muni geta staðið í skilum með afborganir af því.*
- b. Umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum.*
- c. Umsækjandi skal ekki hafa fengið afskrifað lán frá Reykjavíkurborg á síðustu 12 mánuðum.*

Hámark láns sem hægt er að samþykkja á þjónustumiðstöð er kr. 300.000. Í þeim tilfellum sem um er að ræða lán til tryggingar húsaleigu samkvæmt 23. gr. reglna þessara getur hámarksfjárhæð láns þó numið 600.000 kr.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

Hámarkslánstími er sex ár.

Eigi er heimilt að veita lán ef umsækjandi er með lán frá Reykjavíkurborg fyrir.

Greinargerð:

Undanfarið hefur húsnæðisvandi einstaklinga og fjölskyldna farið vaxandi og hafa starfsmenn velferðarsviðs orðið varir við aukinn vanda einstaklinga til að tryggja sér, og í mörgum tilvikum fjölskyldu sinni, öruggt húsnæði. Ljóst er að eftirspurn eftir húsnæði er margfalt meiri en framboð þar sem dregið hefur úr framboði á almennu leiguhúsnæði. Þá virðist sem upphæð húsaleigu hafi hækkað og ríkari kröfur eru gerðar um tryggingu þegar gerður er húsaleigusamningur. Þessari stöðu fylgir margháttaður vandi fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem þurfa jafnvel að sæta tíðum flutningum vegna uppsagna tímabundinna leigusamninga eða þurfa að reiða sig á ættingja og vini, oft til lengri tíma.

Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 17. nóvember 2010 og á fundi borgarráðs þann 25. nóvember sama ár og hefur upphæð fyrirframgreiðslu/tryggingar húsaleigu staðið óbreytt frá þeim tíma en fjárhæð húsaleigu hefur hækkað mikið á þessu sjö ára tímabili frá því að reglur um fjárhagsaðstoð voru samþykktar. Breytingar á húsaleigulögum nr. 36/1994 tóku gildi í júní árið 2016 og fólu m.a. í sér að óheimilt er að krefja leigjanda um fyrirframgreiðslu leigu heldur einungis um greiðslu húsaleigu fyrir einn mánuð í senn. Leigusala er heimilt að krefjast þess að leigjandi setji honum tryggingu fyrir réttum efndum á leigusamningnum, þ.e. fyrir leigugreiðslum og skaðabótum vegna tjóns á húsnæðinu. Því er lagt til að reglurnar taki einungis til láns og/eða styrks til tryggingar húsaleigu.

Samkvæmt núgildandi reglum er heimilt að veita styrk eða lán til fyrirframgreiðslu/tryggingar húsaleigu að hámarki 300.000 kr. Þegar ákvæðið var sett var fjárhæðin hugsuð sem andlag tveggja mánaða tryggingar/fyrirframgreiðslu. Í ljósi breyttra tíma þar sem húsaleiga hefur hækkað og tveggja til þriggja mánaða tryggingar á húsaleigu er jafnan krafist er ljóst að þeir sem ekki geta reitt fram slíka greiðslu standa höllum fæti á leigumarkaðnum, sem eykur enn á húsnæðisvandann. Til að bregðast við ástandinu er talin þörf á að hækka nefnda upphæð úr 300.000 kr. í 600.000 kr. Miðað er við að alla jafna yrði um lán að ræða en í undantekningartilvikum styrk. Þá getur jafnframt í undantekningartilvikum hluti verið lán og hluti styrkur.

Fjárhagsáætlun:

Frá skrifstofu fjármála og reksturs

Árlegur kostnaður vegna hækkunar á hámarksfjárhæð styrkja og lána skv. 23. gr. reglna úr 300.000 kr. í 600.000 kr. er metinn á bilinu 33,6 til 47 mkr. á ársgrundvelli.

Kostnaðarauki er vegna fjölgunar notenda, hærri styrkja og hærri fjárhæð afskrifta af lánum.

Tafla 1: Áætlaður árlegur kostnaður vegna hækkunar á heimild skv. 23. gr. úr 300.000 kr. í 600.000 kr.

Samantekt	A	B
Vegna styrkja	30,9 mkr	43,0 mkr
Vegna lána	2,8 mkr	4,0 mkr
Samtals á ári	33,6 mkr	47,0 mkr

Í töflu 1 hér að ofan má sjá kostnaðarmat á ársgrundvelli miðað við gefnar forsendur. Forsendur í kostnaðarmati A gera ráð fyrir óbreyttum fjölda notenda styrkja og 20% fjölgunar lánþega. Forsendur í kostnaðarmati B gera ráð fyrir 20% fjölgunar notenda styrkja og 50% fjölgunar lánþega. Gert er ráð fyrir 100% hækkun á meðalverði styrkja og lána þ.e. að meðalfjárhæð hækki í samræmi við hækkun á heimild í reglum. Kostnaðarmatinu er skipti í kostnaðarmat vegna styrkja og kostnaðarmat vegna lána.

Kostnaðarmat vegna styrkja

Árin 2015 og 2016 var fjöldi notenda styrkja skv. 23. gr. á bilinu 110 til 125 og meðalfjárhæð styrkja var um 249.000 kr. Miðað við þróun á fyrstu mánuðum ársins 2017 er gert ráð fyrir því að fjöldi notenda verði um 127 og meðalfjárhæð um 243.000 kr. Miðað við annars vegar óbreyttan fjölda notenda og hins vegar 20% fjölgun notenda ásamt hækkun á meðalfjárhæð styrkja úr 243.000 kr. í 486.000 kr. er kostnaðarauki vegna styrkja metinn á bilinu 30,9 til 43 mkr.

Tafla 2: Styrkur skv. 23. gr. Raun 2015-2016 og áætlun 2017.

Forsendur:				A		B	
	2015	2016	2017Á	2017Á áætlun A	Breyting	2017Á áætlun B	Breyting
Fjöldi notenda	125	110	127	127	0	152	25
Meðalfjárhæð þ.kr.	250	248	243	486	243	486	243
Samtals á ári þ.kr.	31.267	27.258	30.851	61.701	30.851	73.847	42.996

Kostnaðarmat vegna lána

Áætlað er að um 30% af öllum lánum velferðarsviðs séu vegna 23. gr. Árin 2015 og 2016 var fjöldi lánþega á bilinu 54 til 64 og meðalfjárhæð lána á bilinu 262.000 til 292.000 kr. Afskriftarhlutfall lána var frá 8,7 til 16,4%. Gert er ráð fyrir að fjöldi lánþega árið 2017 verði 54 og að meðalfjárhæð lána verði um 292.000 kr. Þá er gert ráð fyrir afskriftarhlutfalli í samræmi við meðaltal síðustu tveggja ára þ.e. 12,6%. Miðað við fjölgun lánþega á bilinu 20 til 50% og hækkun meðalfjárhæðar lána úr 292.000 kr. í 583.000 kr. ásamt óbreyttu afskriftarhlutfalli þá er kostnaðarauki lána metinn um 2,8 til 4 mkr.

Tafla 3: Lán skv. 23. gr. Raun 2015-2016 og áætlun 2017.

Forsendur:				A		B	
	2015	2016	2017Á	2017Á áætlun A	Breyting	2017Á áætlun B	Breyting
Fjöldi lána 23. gr.	64	54	54	65	11	81	27
Fjárhæð lána þ.kr.	16.737	15.753	15.753	37.925	22.171	47.260	22.171
Meðalfjárhæð lána þ.kr.	262	292	292	583	292	583	292
Afskriftarhlutfall	16,4%	8,7%	12,6%	12,6%	0,0%	12,6%	0,0%
Afskrift fjárhæð þ.kr.	2.745	1.372	1.978	4.762	2.784	5.934	3.956

Samantekt:

Lagt er til að breytingar verði gerðar á 1. og 2. mgr. 23. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, þannig að fjárhæð láns og/eða styrks til tryggingar húsaleigu hækki úr 300.000 kr. í 600.000 kr. vegna vaxandi húsnæðisvanda og hækkandi húsaleigu. Þá eru jafnframt lagðar til breytingar á 25. gr. reglnanna sem tengjast breytingum á 23. gr. Áætlaður kostnaður er metinn á bilinu 33,6 til 47 mkr. á ársgrundvelli.